

LEIKSKÓLINN Mánahvoll

ÁRSSKÝRSLA skólaárið 2022 – 2023



Ábyrgðaraðilar:

Kristín Sigurðardóttir

Sigríður Brynjarsdóttir

Efnisyfirlit

1	Útdráttur	4
2	Inngangur	4
3	Leikskólinn Mánahvoll	5
4	Námskrá Mánahvols.....	5
5	Mat á innra starfi út frá starfsáætlun	5
5.1	Starfsmannakönnun / Skólapúlsinn	5
6	Mannauður leikskólans	6
6.1	Starfsmannahópurinn.....	6
6.2	Stefna í starfsmannamálum	6
6.3	Starfsþróun/fræðsla til kennara.....	6
7	Tölulegar upplýsingar um barnafjölda	7
8	Stoðþjónusta.....	7
9	Foreldrasamstarf.....	7
9.1	Foreldraráð.....	7
9.2	Foreldrafélag.....	8
10	Eldhús.....	8
11	Öryggismál	8
11.1	Slysaskráning	8
11.2	Eftirlit með garðinum.....	8
12	Húsnæði og viðhald.....	8
13	Lokaorð skólastjóra	9

1 Útdráttur

Leikskólinn opnaði 1. nóvember 2021 í helmingi húsnæðis við Spítalaveg 2a, Garðabæ. Seinni helmingur hússins var tekin í notkun í janúar 2022. Búið er að opna allar deildir sem eru 8 talsins. Þær eru Harpa, Sól, Plútó, Mars, Jörð, Venus, Júpíter og Máni. Á hverri deild eru 12 nemendur eða 96 nemendur í heildina.

Framkvæmdir við leikskólann eru vel á veg komnar einungis eftir að ljúka smáum atriðum innan hús. Utan dyra er framkvæmdum á lóð að ljúka nú á vordögum. Það á eftir að ganga frá merkingum á bílastæðum og uppsetningu á hleðslustöð. Enn bíðum við eftir þaki á bygginguna sem á að veita skjól fyrir börn sem sofa úti og veita lýsingu í garðinn. Þakið er loka hnykkurinn á útlit byggingarinnar á Vífilstaðatúninu.

Starfsmannahópurinn hefur stækkað jafnt og þétt í takt við stækkun skólans og hefur okkar helsta markmið verið að byggja upp góðan leikskóla með góðum og uppbyggilegum starfsanda þar sem styrkleikar allra fá sín notið.

Gildi skólans eru samvinna, traust, sköpun og gleði, þau voru valin á haustmánuðum 2021 og eru þau leiðarljós í starfinu með börnunum, foreldrum og starfsfólki Mánahvols.

Merki skólans var unnið í samvinnu við Írisi Jónsdóttur grafískan hönnuð og vísar til nafns skólans og þeirra þroska brautar sem börnin leggja í með okkur.

2 Inngangur

Samkvæmt 17. og 18. grein laga um leikskóla nr. 90/2008 skal gera innra mat í leikskólum. Markmið innra mats er meðal annars að veita upplýsingar um skólastarfið, tryggja að starfsemi leikskólans sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og Aðalnámskrár ásamt því að tryggja að réttindi barna séu virt. Samkvæmt 5. grein laga um leikskóla skal leikskólastjóri birta opinberlega upplýsingar um starfsemi leikskólans. Í þessari ársskýrslu er að finna fjölbreytta þætti í starfi leikskólans fyrir skólaárið 2022-2023.

3 Leikskólinn Mánahvoll

Kristín Hemmert Sigurðardóttir leikskólastjóri hóf störf þann 1.ágúst 2021. Um miðjan ágúst var tekið á móti fyrstu börnunum í húsnæði Krakkakots á Álftanesi. Í september opnuðum við aðra deild í húsnæði Holtakots á Álftanesi. Áður en við fluttum héldum við foreldrafund í Sveinatungu með foreldrum þeirra barna sem innrituðust fyrst í skólann. Alls fluttu 24 börn með okkur þann 1.nóvember þegar Mánahvoll opnaði formlega á Spítalavegi 2a við Vífilsstaði. Þessi börn fóru á deildirnar Hörpu og Sól. Við opnun leikskólans var tæplega helmingur hans risinn og vantaði meðal annars eldhúsið. Allur matur og leirtau var því ferjað milli húsa frá Sunnuhvoli. Þannig var það fram í miðjan janúar þegar eldhúsið okkar var tilbúið. Í janúar 2022 var opnuð þriðja deildin Plútó. Deildin Mars var svo opnuð í mars, í apríl var það deildin Venus og að lokum í maí deildin Jörð. Í lok maí vorum við komin með 81 barn í húsið. Júpíter byrjaði að aðlaga börn í ágúst 2022 og Máni í janúar 2023.

Leikskólinn Mánahvoll er um 850 m². Húsnæðið skólans er gámaeiningar sem raðast saman m.a. í átta deildir, leiksal og listasmiðju auk starfsmannaaðstöðu og eldhús.

4 Námskrá Mánahvols

Samkvæmt 14. grein laga um leikskóla skal hver leikskóli gefa út sína skólanámskrá. Byggða á grunni Aðalnámskrár eiga allir leikskólar að móta sína eigin skólanámskrá. Vinna við skólanámskrá hefur staðið yfir í vetur og miðar vel. Stefnt er á að ljúka þeirri vinnu á skólaárinu 2023-2024.

Skólanámskráin er byggð á þeim gildum sem valin voru við stofnun leikskólans, sem eru: samvinna-traust-sköpun- og gleði.

5 Mat á innra starfi út frá starfsáætlun

Rafræn könnun var lögð fyrir foreldra um mat á aðlögun barna þeirra. Svörun var nokkuð góð og voru flestir sammála um að aðlögun hafi gengið vel en þó mætti starfsfólk vera dulgri við að kynna sig og mynda tengsl við foreldra og börnin á meðan aðlögun stendur.

5.1 Starfsmannakönnun / Skólapúlsinn

Skólapúlsinn er vefkönnunarkerfi sem leggur kannanir fyrir starfsfólk og foreldrar í leik og grunnskólum (sjá www.skolapulsinn.is).

Þessar kannanir eru hluti af innra mati leikskólans og hafa það að markmiði að auka gæði og efla þróun í skólastarfinu, bæði meðal barna og starfsfólks. Svarhlutfall í þessari könnun var 86,3 %.

Niðurstöður úr foreldrakönnuninni má finna inn á heimasíðu leikskólans [https://manahvoll.is/194-manahvoll.karellen.is/ni%C3%B0ursta%C3%B0aforeldrakmars2023%20\(1\).pdf](https://manahvoll.is/194-manahvoll.karellen.is/ni%C3%B0ursta%C3%B0aforeldrakmars2023%20(1).pdf)

5.2 Umsóknir í sérverkefnasjóð – TV einingar

Síðasta haust sendi leikskólinn inn umsóknir í sérverkefnasjóð um fimm verkefni

- Útbúa og hanna loðtöflu sögur
- Halda utan um kennslu á spjaldtölvur og önnur tæki
- Gera drög að skipulagi fyrir aðlögun og foreldraviðtöl
- Útbúa foreldrahandbók
- Vinna að námskrá fyrir leikskólann Mánahvol



6 Mannauður leikskólans

6.1 Starfsmannahópurinn

Í árslok 2022 voru 39 starfsmenn starfandi í leikskólanum. Leikskólakennarar voru átta, háskólamenntaðir starfsmenn tíu og leiðbeinendur tuttugu og einn. 22 starfsmenn voru í 100% starfi og aðrir starfsmenn í mismunandi starfshlutfalli.

6.2 Stefna í starfsmannamálum

Á Mánahvoli er lögð áhersla á innleiðingu gilda skólans í starfsmannahópinn. Áætlunin mun verða unnin á komandi/næsta vetri þar sem gildi skólans mun endurspeglast í starfsmannamálum.

Við starfrækjum Starfsmannafélag Norðurljósa og eru „geimverur“ félagsmenn.

6.3 Starfsþróun/fræðsla til kennara

Á starfsmannafundi í september fóru allir starfsmenn á skyndihjálparnámskeið sem var mjög þarft. Í byrjun maí fóru allir deildastjórar og leikskólakennarar á morgunverðarfund um hæglátt leikskólastarf hjá Rannung sem bar nafnið „Þannig týnist tíminn“.

Á menntadegi Garðabæjar fór allt starfsfólk á kynningar á starfi í skólum bæjarins og kom okkur á óvart hve mikið og fjölbreytt starf er unnið í bæjarfélaginu.

Einn kennari fór á námskeið í Tákni með tali og var með kynningu á starfsmannafundi.

Helmingur deildastjóra hefur fengið kynningu á One kerfinu og stendur til að hinn helmingurinn fá þá fræðslu fljótlega.

Einn kennari hefur verið á námskeiðinu Íslenskuþorpið í leikskólanum hjá menntasmiðju HÍ, sem hefur stutt hana í faglegu starfinu.

Á vormánuðum unnum við upplýsingabækling fyrir móttöku nýrra starfsmanna og erum við byrjaðar að nýta hann við nýliðamóttöku.

7 Tölulegar upplýsingar um barnafjölda

Samkvæmt Hagstofuskýrslu voru 84 börn sem eru fædd árið 2021 skráð í leikskólann í desember síðastliðnum. Kynjaskipting í hópnum var 35 stelpur og 49 strákar. Algengasti vistunartími barnanna voru átta tímar á dag.



8 Stoðþjónusta

Aðstoðarleikskólastjóri hefur gegnt hlutverki sérkennslustjóra í vetur. Sérkennslustjóri ber ábyrgð á skipulagningu og framkvæmd sérkennslu í skólanum. Mikilvægt er að koma til móts við ólíkar þarfir barnanna og mæta þeim þar sem þau eru stödd. Ef þörf er á frekari athugun og inngrípi er unnið gott samstarf við sérfræðiteymi á skólaskrifstofu Garðabæjar sem samanstendur af sérkennslufulltrúa, talmeinafræðingi og sálfræðingi. Markmiðið er að ráða inn sérkennslustjóra í haust.

9 Foreldrasamstarf

9.1 Foreldraráð

Í foreldraráði sitja þrjú foreldrar ásamt leikskólastjóra. Foreldraráðið setur starfsreglur og vinnur samkvæmt þeim og ber leikskólastjóra að taka þátt í því starfi. Hlutverk foreldraráðs leikskóla er eftirfarandi:

- Gefa umsagnir til leikskóla og leikskólanefndar um skólanámskrá og aðrar áætlanir er varða starfsemi leikskólans.
- Fylgjast með framkvæmd skólanámskrá og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum
- Hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar í leikskólastarfi.

Foreldráð sat rafrænan fund í upphafi skólaárs þar sem farið var yfir verkefni vetursins.

9.2 Foreldrafélag

Kosning í foreldrafélagið var gerð á foreldrafundi sem haldin var í Urriðaholtsskóla í september síðastliðnum. Fjórir foreldrar gáfu kost á sér í stjórn. Foreldrafélagið fundaði nokkrum sinnum yfir skólaárið. Foreldrafélagið bauð upp á mandarínur á rauðum degi í desember. Sumarhátíð Mánahvols var haldin 17.maí sl. Foreldrafélagið bauð börnunum upp á tónlistaratriði með Hafdísi Huld með undirleikara, sem tókst mjög vel.

10 Eldhús

Eldhúsið er rekið af Matartímanum sem sér um allan mat á Mánahvoli. Við eigum í góðu samstarfi við fyrirtækið og höfum verið ánægð með þá þjónustu sem það veitir.

11 Öryggismál

Brunaáætlun leikskólans er tilbúin og leiðbeiningar hanga uppi á vegg inn á hverri deild.

11.1 Slysaskráning

Á síðasta skólaári voru tvær slysaskráningar gerðar.

11.2 Eftirlit með garðinum

Á hverjum morgni er leikskólalóðin yfirfarin og er þeirri ábyrgð deilt niður á deildir. Ein deild úr hvorum enda byggingarinnar skrá ástand garðsins á þar til gerð blöð.

12 Húsnæði og viðhald

Þann 16. Janúar opnuðum við Mána, sem er áttunda deildin í skólanum. Skólinn því orðinn fullsetinn og fullmannaður.

Aðeins hefur þurft að fá pípara til að huga að hitakerfi leikskólans og lögnum sem hafa stíflast eða lekið. Nú á vordögum þurftum við að kaupa nýjan þurrkara þar sem sá sem tekinn var í notkun í nóvember 2021 var ónýtur.

Beðið er lausna vegna útidyra sem taka á sig mikinn vind þegar rok er úti. Gler í hurðum hafa brotnað oft en einu sinni og legið við slysum.

Þak er enn ekki komið á leikskólann en það mun bæta öryggi barna sem sofa úti í vögnum, einnig á að koma bætt lýsing með þakinu.

Óskað hefur verið eftir því að skipta út vöskum inni á salernum deilda þar sem vaskarnir sem nú eru henta ekki litlum börnum á ungbarnaleikskóla.

13 Lokaorð skólastjóra

Við vinnslu á ársáætlun síðasta árs var gaman að sjá hvað mikil uppbygging hefur átt sér stað í skólanum á síðast skólaári. Margskonar áskoranir hafa komið upp en sem betur fer hefur okkur tekist að leysa farsællega úr þeim. Hjá okkur á Mánahvoli starfa reynslumiklir og metnaðarfullir leikskólakennara og leiðbeinendur sem hafa lagt grunninn að starfinu okkar í skólanum núna í vetur.

Við viljum leggja áherslu á upplifun, skynjun og útiveru í þessari stórkostlegu útivistarparadís sem er í nágrenni skólans.

Lykillinn að góðu leikskólastarfi er góð samvinna og jákvætt viðmót.

Verkfall STAG, stéttarfélag Garðabæjar sem var á vormánuðum var þungt í vöfum. Álagið sem var á nemendum og starfsfólk var mikið og reyndi heldur betur á okkar allra yngstu nemendum.

Kristín Sigurðardóttir

Leikskólastjóri

